

Alþingi
Erindi nr. P 131/3
komudagur 19.10.2004

Umhverfisnefnd
Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður umhverfisnefndar
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Akureyri 19.10.2004

Efni: Athugasemdir vegna þingskjals 184, “Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum (eldri námur)”

Það ákvæði í lagafrumvarpi þessu í 1. gr. lið d. að hægt sé að banna efnistöku eftir 1. júlí 2007 á svæði sem *fyrirhugað* er að verði friðlýst, veitir þeim hópi sem ákveður hvað sé á náttúruminjaskrá, en ég tel að náttúruverndaráætlun sé byggð á henni, ótvíræðan umráðarétt yfir öllu landinu.

Það verður að teljast með ólíkindum að fámennur “öfga”hópur náttúruverndarsinna geti sett land og afnotarétt eigenda þess í herkví með því einu að setja það á náttúruminjaskrá.

Þau vinnubrögð sem viðhöfð eru við gerð náttúruminjaskráarinnar verða einnig að teljast ámælisverð þar sem eigendum lands eða jarða eru hvorki varaðir við þessum gjörningi eða haft samráð við þá á nokkurn annan hátt.

Starfshópurinn ályktar einnig að það skapist enginn bótaréttur með setningu þessara laga þar sem eignaupptaka er gerð á svo mörgum aðilum, þetta verður að teljast vægast sagt undarlegt lögfræðialit.

Ef lög þessi öðlast gildi og það kemur til með að hafa einhverjar breytingar á okkar hagi miðað við það sem er í dag áskiljum við okkur rétt til bótakrafna.

F.h. eigenda Skipalóns í Hörgárbyggð

Arngrímur Ævar Ármannsson
Fögrusíðu 11c
603 Akureyri